

eftirlit og eftirfylgni. Jafnframt er nefndinni heimilt að kanna möguleika á fjölþættum fjárhags- og stjórnunarlegum aðgerðum til lausnar fjárhagsvanda sveitarfélagsins með þátttöku ríkisvalds, sveitarfélags, Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, Lánasjóðs sveitarfélaga og lánardrottna, ef hún telur að fjárhagsstaða sveitarfélags sé svo slæm að það hafi ekki burði til að leysa vandann án utanaðkomandi fjárhagslegrar aðstoðar.

Nefndin gerir tillögu til ráðgjafanefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um skiptingu fjárins og skilyrði fyrir úthlutun. Hafni sveitarstjórn þátttöku í aðgerðum skv. 2. mgr. sem eftirlitsnefndin metur nauðsynlegar skal synja viðkomandi sveitarfélagi um aðstoð samkvæmt þessari grein.

Eftirlitsnefndin getur sett sér nánari vinnureglur um undirbúning úthlutunar samkvæmt þessari grein.

4. gr.

Reglur þessar eru settar á grundvelli 18. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum, og fjáráukalaga fyrir árið 2004, liðar 07-801 í sundurliðun 2, og öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 16. desember 2004.

Árni Magnússon.

Guðjón Bragason.

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Mosfellsbæ.

1. gr.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar er heimilt að leggja á sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) til að standa undir kostnaði bæjarins af sorphirðu í bænum.

2. gr.

Sorphirðugjald vegna íbúðarhúsnæðis, að lágmarki kr. 9.200, er innheimt árlega með fasteignagjöldum, af íbúðum í bænum. Innifalið í því gjaldi er eitt sorpílát og sorphreinsun og sorpeyðing vegna þess.

Fyrir hvert aukasorpílát heimila er á sama hátt innheimt árlega, og fyrirfram, gjald eftir því sem hér segir:

	kr.
1. fyrir 240 l tunnu	9.200
2. fyrir 500 l gám	21.600
3. fyrir 660 l gám	25.500

Heimili sem óska eftir aukasorpíláti skulu beina ósk þar að lútandi til tæknideildar bæjarins að Völuteigi 15.

3. gr.

Fyrirtæki sem kjósa að nýta sér sorphirðu bæjarins, á meðan slík þjónusta er í boði af hálfu bæjarfélagsins, skulu greiða fyrir hvert ílát árlegt gjald sem hér segir:

kr.

1. fyrir 240 l tunnu	13.500
2. fyrir 500 l gám	30.500
3. fyrir 660 l gám	40.500

4. gr.

Gjaldskrá þessi sem gildir frá 1. janúar 2005 er samþykkt af bæjarstjórn Mosfellsbæjar með vísan til samþykktar um sorphirðu og hreinsun opinna svæða í Mosfellsbæ nr. 589/1998 með síðari breytingum og með vísan til 5. mgr. 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum.

Við samþykkt þessarar gjaldskrár fellur úr gildi gjaldaskrá um sama efni nr. 1049, frá 29. desember 2003.

Mosfellsbæ, 13. desember 2004.

Stefán Ómar Jónsson bæjarritari.